

## **Skýrsla forvarnarfulltrúa skólaárið 2012- 2013**

Forvarnafulltrúi starfar við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Fulltrúinn er í forsvari fyrir stefnumörkun og framkvæmd forvarna, kynnir starfsmönnum skólans stefnu hans í forvörnum, sér um fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk, stýrir vinnu forvarnarteymis við skólann og er til viðtals fyrir starfsfólk, nemendur og forráðamenn þeirra.

Í forvarnarteymi FSu skólaárið 2012-13 sátu auk forvarnarfulltrúa, Magnús Tryggvason íþróttakennari og Guðfinna Gunnarsdóttir, félagsmálafulltrúi. Teymið fundaði einu sinni í viku á skólatíma á árinu.

Forvarnarfulltrúi á einnig sæti í litla forvarnarhópnum hjá Sveitarfélaginu Árborg, hópurinn fundar mánaðarlega, en í honum sitja fulltrúar ýmissa stofnana innan sveitarfélagsins, lögreglu, heilsugæslu og skóla. Þar gefst gott tækifæri til samráðs og skólanum býðst að taka þátt í sameiginlegum verkefnum og koma að fyrirlestrum sem hópurinn stendur fyrir.

### **Heilsueflandi framhaldsskóli**

Heilsueflandi framhaldsskóli tók mikið pláss í umræðum og skipulagi forvarna á skólaárinu, enda skipar þetta verkefni stóran sess í forvörnum skólans sem heildstætt form til að byggja í kringum. Unnið var í góðu samstarfi við verkefnisstjóra Skólans í okkar höndum.

[http://www.fsu.is/j/index.php?option=com\\_content&view=article&id=2059:hef-frettir&catid=150:skolinn-i-okkar-hoendum](http://www.fsu.is/j/index.php?option=com_content&view=article&id=2059:hef-frettir&catid=150:skolinn-i-okkar-hoendum)

Hreyfing var áhersluatriði vetrarins í HEF (Heilsueflandi framhaldsskóli) og var byrjað á því að skipuleggja í samstarfi við Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði Háskóla Íslands, starfsfólk Ráðhúss Árborgar, grunn- og leikskóla Árborgar, sérstakt jarðskjálftahopp til að hefja hreyfingarárið með glæsibrag. Gjörningurinn tókst afar vel, en í byrjun september skunduðu nemendur og starfsfólk í bæjargarð Árborgar og hoppuðu saman með það að augnamiði að láta jörð skjálfa og skemmta sér um leið. Gjörningurinn var mældur og tókst verkið. Gera má ráð fyrir að um 8-900 manns hafi tekið þátt í verknaðnum.

Stefna skólans, um næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl sem eru grunnþættir HEF, var lögð fram og er hún aðgengileg á vef skólans. Að auki voru settar inn leiðbeiningar um hléæfingar og skipulag þjálfunar á vefsíðu skólans.

Unnið var að því að fá afslætti í heilsuræktarstöðvum á Suðurlandi fyrir nemendur og starfsfólk og tókst það ágætlega. Gera átti tilraun með að setja Lífshlaup framhaldsskólanna, átak sem farið var af stað með á haustönn, inn í íþróttakennslu grunnáfanga í íþróttum, það tókst ekki sem skyldi, en verður reynt aftur á næsta ári, en þá á að setja Lífshlaupið sem fastan lið í ÍþR 101 og verður þá metið sem verkefni í áfanganum. Starfsmenn tóku svo þátt í Lífshlaupi ÍSÍ eftir áramót.

Bæði á haust- og vorönn voru festar niður svokallaðar hreyfingarvikur, þar sem kennarar voru sérstaklega beðnir um að setja hreyfingu inn í kennslustundir hjá sér. Þetta gafst mjög vel og sem dæmi má nefna „leitina að x-inu“ ratleik sem stærðfræðikennarar bjuggu til, alls konar gönguferðir og verkefni þar sem hreyfing var í fyrirrúmi.

Verið er að hanna útiskilti sem tilbúið verður í lok skólaárs. Á því verða merktar inn göngu- skokk og hjólaleiðir í mismunandi vegalengdum út frá FSu. Skiltið verður staðsett við íþróttahús skólans.

HEF í FSu hefur vakið athygli og fengið umfjöllun í fjölmiðlum á Suðurlands, núna síðast í apríl, þar sem fulltrúar skólans sögðu frá HEF og starfinu í FSu.

Gátlisti vegna hreyfingar á skólaárinu hefur verið sendur til verkefnisstjóra HEF, en þar erum við með gull, sem er glæsilegur árangur. Að auki hefur skólinn sótt um gulleplið sem einn þeirra 30 framhaldsskóla sem tekur þátt í HEF hreppir á ári hverju.

### **Fundir og samstarf**

FRÆ (fræðslu- og upplýsingamiðstöð um forvarnir og heilsueflingu) hefur verið lögð niður eftir 10 ára starf og er þar með farinn sá grundvöllur fyrir samráðs- og fundarvettvang forvarnarfulltrúa og félagsmálafulltrúa í framhaldsskólum á landsvísu. Er mikil eftirsjá af því samstarfi. Er umsjónarmönnum verkefnisins sérstaklega þakkað fyrir gott samstarf á þessu tímabili, en félags- og forvarnarfulltrúar fór reglulega á haust- og vorfundi sem FRÆ stóð fyrir þar sem flutt voru erindi og málefni líðandi stundar í forvörnum rædd.

Skólinn tók þátt í verkefni til vitundarvakningar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum sem verkefnisstjórn 3ja ráðuneyta; mennta- og menningarráðaneytis, velferðarráðuneytis og innanríkisráðuneytis stóð fyrir. Um var að ræða fræðslumyndbandið „**Fáðu já**„. Myndbandið var sýnt 31. janúar í skólanum og voru allir kennarar sem kenndu 3ja tíma í töflu beðnir um að sýna nemendum myndbandið og stýra umræðum. Þetta tókst afar vel og engin ástæða til að ætla annað en að mögulegt sé að nota umrætt myndband áfram í fræðslu þar sem ítarlegar kennsluleiðbeiningar fylgja með því.

Hefð er fyrir því að forvarnarteymi finni forvarnarefni, einn fyrirlestur, sem settur er á dagskrá Káttra daga á vorönn. Að þessu sinni kom Helga Lind Pálsdóttir og ræddi um tölvufíkn. Að auki var Blóðbíllinn fenginn til að koma á Kátum dögum og nemendur eldri en 18 ára hvattir til að gefa blóð.

Guðfinna Gunnarsdóttir fór fyrir hönd hópsins á fund hjá „Náum Áttum“, forvarna- og fræðsluhópi um velferð barna og unglunga, en þar var rætt um áfengismæla og fíkniefnahunda, óbeinar forvarnir og fleira.

## **Dansleikir**

Unnið var að aðgerðaáætlun forvarnarteymis vegna dansleikja í samstarfi við stjórnendur. Áætlunin var kynnt fráfarandi nemendaráði, með það fyrir augum að fá fram þeirra viðhorf, en einnig til að búa þau undir breytingar á fyrirkomulagi dansleikja.

Helstu breytingarnar fela í sér að eingöngu verði seldir miðar á dansleiki í forsölu í skólanum, böllunum verði lokað (ekki hægt að fara út eftir að maður er kominn inn), áfengismælar verða teknir í notkun og edrúpotti komið af stað.

Dansleikir vetrarins gengu mjög vel og það er mál manna sem hafa lengi komið að þeim þ.e. dyravarða og lögreglu að þau séu í dag til mikilla fyrirmyndar. Lítil sem engin vandamál sem hafa komið upp. 10 nemendur hafa verið kallaðir í viðtöl hjá forvarnarfulltrúa eftir böll og í öllum tilfellum var hringt í foreldra og þeir látnir sækja eða bera ábyrgð á að börn þeirri yrðu sótt á ballið.

Samstarf við dyraverði, lögreglu og ballhúsin hafa verið til fyrirmyndar og á flest böll hafa íþróttakademíuþjálfarar komið til að athuga með sinn hóp. En ekkert hefur komið upp á með þann hóp á böllunum í vetur.

Ballfundir eru haldnir miðvikudaginn fyrir hvert auglýst ball og hafa þeir gengið sinn vanagang, þar hittast fulltrúar nemendaráðs, félagsmálafulltrúi, forvarnarfulltrúi, fulltrúi gæslu, fulltrúi stjórnenda, fulltrúi skemmtistaðar og lögregla. Lögreglan hefur ekki mætt og bera þeir fyrir sig niðurskurð, en þeir hafa verið sýnilegir á og fyrir utan böllin.

Forvarnarviðtöl hafa ekki verið mörg þessa önnina. Tíu nemendur komu í viðtöl eftir böll, 5 vegna þess að þeir höfðu þörf fyrir tíma á heilsugæslustöð. Fimm nemendur til að láta taka úr sér sauma, 3 til að láta sprauta sig og svo ótaldir þeir sem forvarnarfulltrúi hefur metið, skoðað, vafið og sent í skoðun upp á heilsugæslustöð. Þannig að forvarnarstarfið hefur að hluta breyst í hjúkrunarstarf meira og virðist ekki veita af, eftir að lækarnir hættu að koma í viðtalstíma í skólann.

Forvarnarfulltrúi þakkar fyrir veturinn og kveður sem forvarnarfulltrúi eftir 12 ára starf.

Takk fyrir,  
Íris Þórðardóttir forvarnarfulltrúi